

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2022
UST202204-125/S.F.
08.25.01

Efni: Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 524/2008

Í samráðsgátt eru nú til umsagnar fyrirhugaðar breytingar á reglugerð nr. 524/2008 er snúa að þeim skipum sem heimilt er að sigla fyrir Reykjanes um svonefnda innri siglingaleið. Breytingarnar eru í meginatriðum samhljóða þeim breytingum sem Umhverfisstofnun gaf umsögn um til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins með bréfi dags. 14. maí 2021. Umhverfisstofnun vill því hér með ítreka þær athugasemdir sem stofnunin gerði í umsögn sinni dags. 14. maí 2021 og leggur stofnunin áherslu á eftirfarandi sjónarmið.

Markmiðið með fyrirhuguðum breytingum á reglugerð nr. 524/2008 virðist vera að heimila stærri skipum en áður, þ.e. skipum allt að 30.000 BT, að sigla á þeim svæðum sem takmörkuð hafa verið við umferð skipa allt að 20.000 BT og á sú breyting einnig við um skip sem heimilt er að sigla svokallaða „innri leið“ sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi byggir á tillögum nefndar um hvernig stuðla mætti að því að fyrirbyggja slys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sjávar og stranda og heilbrigði íbúa. Nefndina skipaði samgönguráðherra stuttu áður en flutningaskipið Wilson Muuga strandaði skammt austan við Hvalsnes þann 19. desember 2006 og sat fast á strandstað. Árið 1997 hafði flutningaskipið Vikartindur orðið vélarvana 12 mílur út af suðvesturströnd Íslands og rak það upp á strönd. Tillögurnar um leiðastjórnun skipa hlutu samþykki hjá Alþjóðasiglingastofnuninni og tóku alþjóðlegar reglur um leiðastjórnun gildi þann 1. júlí 2008, sbr. fyrrgreinda reglugerð. Reglunum er ætlað að vernda mikla hagsmuni á hrygningar- og uppeldissvæðum fiska og lífríkis í sjó og einnig lífríki fugla við strendur, en mengunarslys á þessu svæði gæti einnig haft miklar efnahagslegar afleiðingar. Við gerð reglnanna var einnig tekið mið af getu til björgunar skipa á því svæði sem um ræðir.

Umhverfisstofnun telur að þau rök sem sett voru fyrir takmörkun á siglingum á sérstökum svæðum og svokallaðri „innri leið“ hafi ekki breyst og að engin ný rök hafi verið færð fram sem réttlæti að reglum um stærð þeirra skipa sem sigla um svæðin verði breytt. Mengunarslys vegna siglinga skipa hafa ekki orðið á þessum viðkvæmu svæðum síðan takmarkanirnar voru settar á skipaumferð um svæðin. Með því að hækka heimildir fyrir stærri skip til að sigla um svæðið verður bæði aukning á umferð um þau svæði sem takmarkanir gilda á og þar með aukin slyshætta, en einnig er bráðamengunarhættan meiri

Því stærri sem skipin eru. Umhverfisstofnun telur því að þær breytingartillögur sem innviðaráðuneytið leggur til um að heimila hækkun á stærðarmörkum úr 20.000 BT í 30.000 BT fyrir þau skip sem mega sigla um þau svæði sem takmarkanir gilda um skv. 4 og 6. gr. umræddrar reglugerðar séu ekki réttlætanlegar og að þau rök sem sett voru fyrir takmarkaðri umferð á þessu svæði með setningu reglugerðar nr. 524/2008 til verndar hrygningar- og uppeldissvæðum fiska og lífríkis sjávar og fuglalífs við strendur séu enn í fullu gildi.

Nánar er vísað í umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi, dags. 14. maí 2021 (fylgiskjal 1).

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra

Sigurrós Friðriksdóttir
sérfræðingur

Fylgiskjal: Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 14. maí 2021